

# Spila DAISY stafrænar hjóðbækur með Victor Reader® Stream

## Victor Reader® Stream

### RAFHLÖÐU UPPLÝSINGAR

- **Gerð rafhlöðu:** HumanWare útskiptanleg, endurhlaðanleg rafhlaða fylgir tækinu.
- **Hleðslutími:** 4 tímar til að fullhlaða.
- **Ending hleðslu:** Fullhlaðin rafhlaða gefur allt að 15 klukkustunda spilunartíma.

### HELSTU AÐGERÐIR TÆKISINS

#### Power á og af

Til að kveikja á spilaranum, ýttu á og haltu niðri kringlóttá **Power** takkanum, sem er staðsettur á vinstri hlið spilarans, nærri topp horni. Þú munt heyra bíp hljóð og "Velkominn" skilaboð.

Til að slökkva á spilaranum, ýttu aftur á og haltu niðri **Power** takkanum. Þú munt heyra tvö bíp þegar hann slekkur á sér.

#### Takka upplýsari

Þegar SD eða USB er tengt, ýttu á og haltu niðri **Upplýsinga (0)** takkanum til að fara í takka upplýsinga ham. Ýttu og haltu niðri **Upplýsinga** takkanum aftur til að fara úr takka upplýsingaham.

Þegar ekkert SD eða USB er tengt, er takka upplýsinga hamurinn alltaf virkur.

Þegar takka upplýsinga hamurinn er virkur geturðu ýtt á hvaða takka sem er til að heyra virkni hans.

#### Innbyggðar notendaleiðbeiningar (á ensku)

Þú getur komist í innbyggðar notendaleiðbeiningar hvenær sem er með því að ýta á og halda niðri **takka 1**. Ýttu aftur á hann til að hætta.



## Setja inn og fjarlægja SD kort

Til að setja inn og taka út SD kort skaltu gera eftirfarandi:

- Hafðu spilarann fyrir framan þig. Raufin fyrir SD kortið er fyrir miðju á topp kantinum.
- Eitt horn á **SD kortinu** er klippt í 45 gráður.



Þetta klippta horn á að vera niðri hægra megin, þegar þú setur kortið í slottið á spilaranum. Ef kortið er ekki sett rétt inn, mun vera fyrirstaða. Kortið er með smá rofa á hliðinni, til að loka fyrir að hægt sé að skrifa á það. Þessi rofi á að vera stilltur á “opinn” ef þú ætlar að setja gögn á kortið, eins og t.d. að setja inn eða eyða bókum. Ef þú ætlar bara að hlusta á bækur, geturðu haft takkann upp til að ritverja kortið.

- Ýttu kortinu varlega niður í raufina þangað til það smellur á réttan stað.
- Til að fjarlægja kortið, skaltu ýta kortinu niður til að losa það. Síðan skaltu fjarlægja það úr tækinu.

## Spila eða stoppa lestur á bók

Til að hefja lestur á hljóðbók, skaltu ýta á appelsínugula **Spila/Stoppa** takkann.

Til að hætta að spila bók, ýttu aftur á **Spila/Stoppa** takann.



## Spóla fram og til baka

Þessir takkar gera þér kleift að spóla hratt fram og til baka.

Ýttu og haltu niðri **Spóla fram** eða **til baka** takkanum þangað til þú er kominn á réttan stað, hraðinn mun aukast því lengur sem þú heldur takkanum niðri. Fyrir hverjar 3 sekúndur sem þú heldur takkanum niðri muntu fara fram eða til baka 1 mínútu, 2 mínútur, 5 mínútur, 10 mínútur, 15 mínútur o.s.frv. Lengsta stökkið er 5 mínútur. Á milli hvers 5 mínútna stökks, mun Stream tilkynna tímastökkið og spila á venjulegum hraða smá bít.



Ef þú einfaldlega smellir á **Spóla fram** eða **til baka** takkana í staðinn fyrir að halda þeim niðri, mun spilunin hoppa 5 sekúndur fram eða til baka.

## Breyta hljóðstyrk, hraða og hljóm/tónhæð

Þegar kveikt er á Stream skaltu ýta nokkrum sinnum á **Power** takkann efst á hliðinni, til að skipta á milli hljóðstyrks, hraða og hljóm/tónhæðar stillinga. Ef takkinn er ekki notaður í 10 sekúndur fer hann sjálfkrafa á stillingu fyrir hljóðstyrk. Notaðu **upp/niður** örvartakkana á vinstri hliðinni, fyrir neðan **Power** takkann til að fara upp eða niður valda stillingu. Það kemur bíp hljóð sem markar efra og neðra svið á hverri stillingu. Ef ekki er verið að spila bók, mun Stream tilkynna stöðu sillingarinnar. Fyrir hljóm/tónhæð og hraða kemur líka bíp hljóð til að gefa til kynna venjulega eða 0 stöðu. Þetta er gert með flötum tón. Athugið að tónhæðar stillingin kemur í staðinn fyrir hljómstillingu í Text-To-Speech bókum. Tónhæðarstillingin hefur ekki áhrif á hljómstillingar sem búið er að stillta fyrir uppteknar hljóðbækur. Athugið að fyrir tónlistarbókahillu er hljómstillingunni skipt út fyrir bassa og hátóna stillingu.



## GRUNDVALLAR LEIÐSÖGN

### Stökkva fram og til baka með leiðsagnar stigi

Stream gerir þér kleift að leita að köflum, pörtum, blaðsíðum, tímastökki, greinarskilum, eða hverjum öðrum merkingum sem framleiðandinn hefur sett í bókina.

Notaðu **2** og **8** takkana til að velja leiðsagnar stig. Þetta er mismunandi frá bók til bókar, en venjulegt stig 1 þýðir kafli, stig 2 þýðir grein og stig 3 þýðir undirgrein o.s.frv. Blaðsíðu hlutinn er ekki settur upp í allar bækur. Orðtaka leiðsögn er venjulega minnsti leiðsagna hlutinn, en þetta er skilgreint af framleiðanda bókarinnar. Stream takmarkar orðtaka stökk í mest 1 mínútu. Fyrst skaltu velja leiðsagnar stig (kafli, blaðsíðu o.s.frv.), með **2** og **8** tökkunum. síða notarðu **4** og **6** takkana til að fara afturábak og áfram á milli hluta í völdu stigi. **2** og **8** takkarnir munu aðeins tilkynna stig sem eru í boði í bókinni. Það er alltaf boðið upp á orðtaka stigið, en umfangið er undir framleiðanda bókarinnar komið.



## Bókahillu leiðsögn

Ýttu á **Bókahillu (1)** takkann nokkrum sinnum til að fletta í gegnum hringlistann af bókahillum. Athugið að tómar bókahillur eru ekki tilkynntar. Bókahillur innihalda mismunandi bækur og skrár. Þú ferð fram og til baka í gengum lista af fyrirögnum í bókahillu með því að nota **4** og **6** takkana. Ýttu á **Fara til** takkann (fyrir ofan takka 1) til að setja inn viðeigandi bókanúmer á bókahillunni. Klárið valið á númeri bókarinnar með því að ýta á **Staðfestingar (Kassa)** takkann til að fara í fara í valið bókanúmer og halda áfram á bókahillunni. Þegar þú finnur bókina sem þú ert að leita að, ýttu á **Staðfesta** eða **Spila** til að opna hana. Ýttu á **Spila** til að láta Stream byrja að spila þar sem þú hættir síðast að lesa í bókinni.



## Hætta við skipun

**Stjörnu** takkinn gerir þér kleift að hætta við aðgerð.

## Staðfestingar skipun

**Kassa** takkinn gerir þér kleift að staðfesta aðgerð eða enda númera innskráningu eins og t.d. blaðsíðu, eða texta innsetningu eins og t.d. leitartexta.



## Stökkva á síðu

**Fara á síðu** aðgerðin gerir þér kleift að fara beint á ákveðna síðu.

Ýttu á **Fara á síðu** takkann, fyrir ofan takka 1. Settu inn blaðsíðunúmer. Ýttu á **Kassa** takkann til að fara á valda síðu. Stream mun staðfesta valda blaðsíðu. Eða ýttu á **Spila/Stoppa** lykilinn til að láta Stream byrja að spila frá valdri síðu.

Til að hætta við, ýttu á **Hætta við** (stjörnu) takkann.



## Upplýsingar - Takki 0

**Upplýsinga (0)** takkinn tilkynnir bók, spilara og rafhlöðu upplýsingar. Það eru tvær aðferðir til að nálgast þessar upplýsingar.

Ýttu á **Upplýsinga (0)** takkann. Allar upplýsingar verða tilkynntar. Eða ýttu á **Upplýsinga (0)** takkann og takka 4 eða 6 til að fara fram og til baka í gegnum hlutina. Þú getur líka ýtt á **Upplýsinga** takkann ítrekað til að flakka á milli hlutanna.



## AUKA EIGINLEIKAR

### Hvar er ég? Takki 5

**Hvar er ég** takkinn mun tilkynna lestrarstöðuna þína án þess að trufla lesturinn. Þetta er mismundandi eftir bókargerðum, en Stream mun tilkynna eitt eða fleiri blaðsíðu og fyrirsagna númer, titil greinar eða skráarnafn. Í tónlist, mun verða tilkynnt núverandi mappa, skráarnafn og tími skráarinnar. Í hljóðbókum, öðrum bókum, hljóðskrám, vefvarpi og glósum mun verða tilkynnt prósentu bókariðinnar eða glósunnar sem búið er að spila ásamt tíma skráarinnar. Í texta skrá, mun verða tilkynnt hvað mörg prósent búið er að spila af skránni. Lesturinn mun halda áfram um leið og búið er að gefa þessar upplýsingar.



## Hvildar hamur

**Hvildar** takkinn gerir þér kleift að setja tímastilli sem stillir tímann sem spilarinn mun slökkva á sér sjálfkrafa.

Ýttu á **Hvildar** takkann til að stilla tímastillinn á 15 mínútur. Í hvert skipti sem þú ýtir aftur á takkann munu bætast við 15 mínútur, að 60 mínútum. Næst þegar þú ýtir mun slökkna á tímastillinum og svo byrjar hringrásin aftur. Þegar tímastillirinn er virkur, mun ljós blikka síðustu mínútuna og koma tilkynning "Ein mínúta eftir".



## Setja inn bókamerki

Ýttu á tvisvar **Bókamerki** takkann eða þangað til þú heyrir 'setjið inn bókamerki'. Þú getur líka komist í þessa stillingu með því að halda niðri **Bókamerki** takkanum, í staðinn fyrir að ýta tvisvar á hann. Settu inn númer frá 1 til 99998, sem þú vilt merkja þetta bókamerki með. Ýttu á **Kassa** takkann til að staðfersta, eða **Spila/Stoppa** takkann til að staðfesta og hefja spilun. Bókamerkið mun verða vistað í minni.



*Athugið: Ef þú staðfestir án þess að setja inn númer mun Stream úthluta fyrsta lausa númerinu.*

## Setja inn bókamerki fyrir hljóðbók

Til að setja inn bókamerki skaltu gera eftirfarandi:

- Ýttu á **Bókamerki** takkann tvisvar eða þangað til þú heyrir 'Setjið inn bókamerki'.
- Settu inn númerið sem þú vilt hafa á þessu bókamerki. Þú getur sleppt þessu skrefi og næsta lausa númer mun verða sett inn sjálfkrafa.



- c) Ýttu og haltu niðri **Upptöku** takkanum og segðu stutt skilaboð. Slepptu síðan **Upptöku** takkanum. Athugið að upptakan er takmörkuð við 1 mínútu. Til að spila upptökuna einfaldlega farðu í eða vafraðu í þetta bókamerki. Þú munt heyra upptökuna þína og síðan mun spilunin halda áfram í bókamerktri stöðu.



- d) Til að hætta, ýttu á **Stjörnu** takkann. Það er ekki hægt að hætta þegar notuð er Hröð upptaka.



### Stökkva í ákveðið bókamerki

Ýttu á **Bókamerki** takkann einu sinni eða þangað til þú heyrir 'finna bókamerki'. Settu inn númer bókamerkis sem þú vilt fara í. Ýttu síðan á **Kassa** takkann. Stream mun fara í bókamerkið og tilkynna númerið. Eða, ýttu á **Spila/Stoppa** takkann. Stream mun fara í umbeðið bókamerki og byrja að spila.



### Stökkva í næsta eða fyrra bókamerki

Ýttu á **Bókamerki** takkann fjórum sinnum eða þangað til þú heyrir "bókamerkja listi".

Ýttu á takka **4** eða takka **6** til að fara frá einu bókamerki til þess næsta. Í hvert skipti sem þú ýtir á takkann, muntu heyra númerið á næsta bókamerki og spilun mun hefjast. Ýttu á **Kassa** takkann til að staðfesta núverandi stöðu og halda áfram að spila.



### Eyða bókamerki

Ýttu á **Bókamerki** takkann fimm sinnum eða þangað til þú heyrir 'fjarlægja bókamerki'. Settu inn númer bókamerkisins sem þú vilt fjarlægja. Ýttu á **Kassa** takkann til að staðfesta.

Til að fjarlægja öll bókamerki í bók, ýttu fyrst á **Bókamerki** takkann fimm sinnum eða þangað til þú heyrir 'fjarlægja bókamerki', síðan ýttu á takka **9** fimm sinnum (99999). Ýttu síðan á **Kassa** takkann til að staðfesta.



## STILLINGA VALMYND

Hægt er að aðlaga Stream með því að nota Stillinga valmyndina.

Til að opna Valmyndina, ýttu á **Valmynd (7)** takkann. Með því að ýta aftur á takkann, ferðu í næstu valmynd. Vafraðu svo í valmyndinni með **Upp/Niður (2, 8)** tökkunum. Notaðu **Hægri/Vinstri (4, 6)** takkana til að velja stillingu og ýttu á **kassa** takkann til að staðfesta. Ýttu á **Hætta við (stjarnan)** eða einhvern annan takka til að hætta í Valmyndinni.



## BILANALET

Ef Stream svara ekki og takkarnir virka ekki, þar með talið Power takkinn, skaltu halda niðri **Power** takkanum í 7 sekúndur og þvinga spilarann í að endurræsa sig.

**Humanware™**  
see things. differently.

Phone: 1 800 722-3393 | Email: info@humanware.com  
www.humanware.com